

Kennari:

Brynhildur Sigurðardóttir, Elfa Ingvadóttir
Heiða Björg Árnadóttir, Linda María Jensen

Tímafjöldi:

1 kennslustund á viku ásamt samþættingu
í Stapamixi.

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, heimalestur og
skapandi heimanám.

Bekkur:

9. - 10. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur vísýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskiptum við erlenda aðila og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Samstarf milli landa eykst stöðugt og er kunnátta í ensku mikilvægur þáttur að fræðslu, námi og atvinnutækifærum.

Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandinn geti:</i>	Leiðir:
Hlustun		<ul style="list-style-type: none"> – tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga- og þekkingarsviðs hans og brugðist við, unnið úr og nýtt sér efni þeirra – fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr – hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim 	Hlustun
Lesskilningur	Verkefni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu – lesið sér til fróðleiks texta úr fjölmiðlum, sem fjalla um efni sem varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt – lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðun á efni þeirra – lesið og tileinkað sér efni á ensku sem tengist öðrum námsgreinum, skilið hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi 	Framsögn
	Glósubók		Samtöl
	Kjörbók		Lestur
	Spotlight 10		Lesskilnings-æfingar
	Stories		Glósubók
	Word Snack og aðrir leikir		Ritun
	Verkefni og námsefni úr öðrum námsgreinum		Myndefni
			Krossgátur
			Leikir
			Sköpun
Samskipti		<ul style="list-style-type: none"> – tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann þekkir vel – tekist á við ólíkar samskipta aðstæður t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalagi, sem gestgjafi eða í netsamskiptum 	

Frásögn		<ul style="list-style-type: none"> – tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum – flutt stutta frásögn eða kynningu á ensku um undirbúið efni, blaðalaust og af nokkru öryggi – samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra 	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> – skrifað lipran, samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann þekkir vel – hafi góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar – fylgi hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og noti tengiorð við hæfi – skrifi ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagar orðum sínum í samræmi við inntak og tilgang og með tilliti til lesenda – skrifað um efni sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við – leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín 	
Menningar- læsi	<p>Verkefni frá kennara</p> <p>Spotligh 10</p> <p>Verkefni og námsefni úr öðrum námsgreinum</p>	<ul style="list-style-type: none"> – sýnt fram á að hann þekki nokkuð til innri samfélagsgerða á enskumælandi svæðum: hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni – þekkt nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegna á enskumælandi svæðum – gert grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma – greint á milli helstu afbrigða enska tungumálsins, t.d. bandaríska, enska, írskra og ástralska 	

Lykilhæfni:	Samþætt námskrá á unglingsstigi Stapaskóla. Auk þess að unnið sé að hæfniviðmiðum í ensku er lögð áhersla á að þjálfar lykilhæfni nemenda í öllu daglegu starfi. Námskrá í lykilhæfni er því í vinnslu samhliða greinanámskránni.
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti í mentor. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága

Tenglar á kennsluefni sem nefnt er hér að framan:

[Stories](#)

[Spotlight 10](#)